



Ársskýrsla Slökkviliðs Ísafjarðarbæjar 2022

Almenn starfsemi

Stefna Slökkviliðs Ísafjarðarbæjar er að slökkviliðið sé alltaf tilbúið til útkalla. Við erum björgunarlið fyrir alla bæjarbúa og gesti.

Fjórir starfsmenn eru í fullu stafi hjá Slökkviliði Ísafjarðarbæjar. Þeir sinna öllum störfum sem inn á borð kemur til slökkviliðs, s.s. sjúkraflutningum, eldvarnareftirliti, slökkvitækjapjónustu, auk þess er að skipuleggja æfingar og endurmenntun fyrir aðra slökkviliðs og sjúkraflutningamenn.

Í slökkviliði eru starfandi 55 slökkviliðsmenn, 25 á Ísafirði, og tíu á útstöðvum okkar á Suðureyri, Flateyri og Þingeyri.

Starfsstöðvar sjúkraflutninga eru tvær; á Ísafirði og Þingeyri.

Á haustdögum var haldinn starfsdagur slökkviliðs og þar eru línur lagðar fyrir næsta starfsár, bæði innkaupalisti og æfingaáætlun slökkviliðs lögð fram. Æfingar slökkviliðs fara fram einu sinni í mánuði og íþróttæfingar fara fram tvisvar í viku undir stjórn þjálfara.

Á útstöðvum eru æfingar undir stjórn þjálfunarstjóra.

Heimsóknir eru alltaf þó nokkrar til okkar, t.d. gestir frá vinabænum Kaufering í Þýskalandi, og eins komu margir gestir af skemmtiferðaskipum, stór hópur frá USA kom við og fékk slökkviliðið sent þakkarkort frá þeim.

Almannavarnir

Sameinuð nefnd Ísafjarðarbæjar og Súðavíkur

Nokkrir fundir voru haldnir á árinu. Stór flugslysæfing var haldin á Ísafjarðarflugvelli í september með aðkomu allra viðbragðsaðila á norðanverðum Vestfjörðum.

Æfingin er skipulögð af Almannavarnardeild RLS og Isavia og var þetta bæði endurmenntun og skrifborðsæfing. Í ljós kom á æfingu þessari að það vantaði stjórnendavesti í SÁBF kerfinu, þau verða keypt inn á næsta ári.

Hópslysaskipulag almannavarna var virkjað í lok árs 2022 vegna áreksturs tveggja bíla á Hnífsdalsvegi.

Veðurviðvaranir voru á okkar svæði í janúar, febrúar og mars, mikill vindur og snjór, en ekki kom til útkalla hjá aðgerðastjórn.

Slökkvistöðvar

Slökkvistöð Ísafirði

Við úttekt á stöðinni frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun komu í ljós nokkur atriði sem þarf að lagfæra. Þak slökkvistöðvar lekur og er virkilega kominn tími á viðhald.

Mjög mikil þörf er á nýrri slökkvistöð þar sem þessi uppfyllir á engan hátt nútíma kröfur. Vegna plássleysis á slökkvistöð er t.d. ein kerra í geymslu á Ísafjarðarflugvelli.

Sérstaklega þarf að bæta við búnings- og baðaðstöðu, bæði karla og kvenna. Slökkvilið hafa leigt gáma og komið fyrir á lóð við hlið slökkvistöðva til að leysa þetta tímabundið.

Sturtuklefi var endurnýjaður.

Slökkvistöð Suðureyri

Ný bílahurð var sett upp og er hún rafdrifin sem er til mikilla bóta.

Heilsueftirlit slökkviliðsmanna

Undir stjórn hjartasérfræðings eru allir slökkviliðsmenn teknir í blóðprufu, læknisskoðun og hjartalínurit.

Reykkaðarar skulu standast þrekpróf sem tekið er af þjálfara slökkviliðs og fá þá greitt þrekálag.

Í boði eru Covid-19 bólusetningar númer 4 og flensubólusetningar á hverju ári.

Eldvarnareftirlit

Auknar kröfur eru gerðar á eldvarnareftirlitsmenn og þar með húseigendur. Árlega er gefin út skoðunaráætlun og eru fyrirtæki tekin út, sum á hverju ári en önnur á fjögurra ára fresti. Þar fer eftir hvaða starfsemi er rekin í húsnæðinu og hversu margir starfsmenn eru við vinnu.

Umsóknir sem berast frá Sýslumanni skipta tugum á ári. Góð samvinna er á milli byggingarfulltrúa Ísafjarðarbæjar og Eflu verkfræðistofu, einnig við Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og aðrar verkfræðistofur.

Slökkvitækisþjónusta

Seld og yfirfarin slökkvitæki er stór þáttur í starfsemi slökkviliðsins, bæði fyrir heimili, skip og báta. Einnig er seldur annar eldvarnarbúnaður. Mikið af gömlum slökkvitækjum kemur til okkar á hverju ári sem þarf að farga gegn gjaldi.

Útköll slökkviliðs

Útköll slökkviliðsins á árinu voru 29, og var mismikill forgangur.

Enginn stóreldur eða stórtjón var á svæði slökkviliðsins árið 2022.

Meðal útkalla má nefna:

Þjónusta við áhaldahús vegna vatnsleysis á Suðureyri: Tankbíll að störfum í nokkra daga.

Mikill vatnsleki í kjallara Safnahúss við Eyrargötu á Ísafirði.

Ammoníaksleki sem tók nokkra stund að eiga við.

Olíuleki varð á Suðureyri og tók hann nokkra vinnudaga hjá slökkviliði. Búnaður frá Reykjavík til að ná olíu upp úr sjó og tjörn kom hingað vestur. Einnig komu sérfræðingar frá Umhverfisstofnun og Eflu verkfræðistofnu okkur til aðstoðar. Varðskipið Þór var hér líka okkur innan handar og var þeirra búnaður notaður við mengunarmælingar utar í Súgandafirði, en engin mengun mældist þar. Náttúrufræðistofnun var virkjuð vegna fugladauða. Íbúafundur var haldinn á Teams fljótlega eftir lekann.

Í kjölfar lekans keyptu hafnir Ísafjarðarbæjar búnað til að taka upp olíu úr sjó og gám til geymslu. Slökkvilið sér um geyma búnaðinn.

Rýmingaræfingar voru haldnar í grunnskóla og leikskóla.

Útköll voru vegna umferðslysa, leka hættulegra efna, aðstoð við sjúkrabíl, elds í rusli og gróðri og önnur aðstoð við fyrirtæki og stofnanir

Slökkvilið

Innkaup slökkviliðs á árinu eru m.a. tvær nýjar dælukerrur sem fóru á Suðureyri og Flateyri, einnig ein Toyota 4x4 þjónustubifreið. Slökkvilið og garðyrkjudeild áhaldahúss eru með sameiginlegan sendibíl. Slökkvilið er með hann í átta mánuði á ári og garðyrkjudeild í fjóra mánuði.

Slökkvipjálfa námskeið var haldið á Húsavík. Fjórir slökkviliðsmenn fóru á það og sjá um alla þjálfun allra slökkviliðsmanna og eru að bæta við útstöðvum í Súðavík og Bolungarvík.

Tetra-fjarskipti eru í stöðugum innkaupum, allir sjúkraflutningsmenn eiga að hafa sína eigin Tetra-stöð, sem og stjórnendur slökkviliðs.

Einn brunabíll var seldur til Reykjavíkur, Ford, árgerð 1988, Fimman. Verður gerður upp hjá SHS og notaður sem viðhafnarbíll.

Annar gamall Ford, árgerð 1964 er í geymslu og bíður þess að komast á Slökkviliðsminjasafn í Reykjanesbæ.

Viðhald á bílum er stór kostnaður á hverju ári, allir bílar slökkviliðsins eru að eldast og brýnt er að ráðast í innkaup nýjum 10 tonna vatnstankbíl. Þetta er og verður bíll númer eitt í gróðureldum sem eru alltaf að verða stærri og stærri ógn. Slíkur bíll er kominn inn á framkvæmdaráætlun 2024.

Eldvarnarnámskeið 1 var haldið á Teams, fóru tveir menn á það.

Sjúkraflutningar

Mikil fjölgun sjúkraflutninga var á árinu í öllum flokkum. Útköll sjúkrabíla á sama tíma voru 45. Mörg útkallanna voru alvarleg sem reyndi mikið á sjúkraflutningsmenn og vettvangsliða.

558 flutningar voru á árinu.

- F-1 úkall í hæsta forgangi: 87
- F-2 útkall á forgangi: 105
- F-3/F-4 almennir sjúkraflutningar: 366

Læknir frá Heilbrigðisstofnun Vestfjarða kemur með í flest F-1 forgangsútköll. Slökkvilið þakkar læknum á heilbrigðisstofnuninni fyrir þeirra framlag til sjúkraflutninga á árinu.

Öll útköll hjá slökkviliði, sjúkrabílum og vettvangsliðum fara í gegnum Neyðarlínu 112.

Brýnt er að fara í innkaup á búnaði til að styrkja við vettvangsliða, og er sterk krafa frá samfélaginu um betri og meiri búnað.

Nýr/notaður sjúkrabíll, árgerð 2015, er kominn á Þingeyri. Þar var komin mikil þörf á endurnýjun.

Fjöldi sjúkraflutninga á sjúkrabíl á Þingeyri voru 42.

Skíðavikan, Fossavatns-skíðagangan og Hlaupahátíðin á Vestfjörðum eru stórar hátíðir á okkar svæði. Þá er sett inn aukabakvakt á sjúkrabíl.

Lokaorð

Margar áskoranir eru fyrir Slökkvilið Ísafjarðarbæjar en fjármálin eru þar stærst, allar stofnanir vilja meira fé til sín úr bæjarsjóði.

Einnig er áskorun að fara vel með það fé sem fæst og forgangsraða innkaupalista nokkrum sinnum yfir árið.

Reglugerðabreytingar sem koma reglulega frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar vegna mála sem snúa beint að slökkviliðum þarf að uppfylla eftir bestu getu.

Einnig er bundið í kjarasamninga mál sem auka útgjöld slökkviliða, t.d. símagreiðslur og þrekálag.

Áramótabrennur verða á okkar starfssvæði eftir tveggja ára hlé.

Covid-19 er ennþá til staðar og ber okkur öllum að passa uppá persónulegar sóttvarnir.

Slökkviliðsstjóri, fyrir hönd Slökkviliðs Ísafjarðarbæjar þakkar þeim fjölmörgu sem komu að björgunaraðgerðum á árinu 2022.